

Efni: Samstarf Vinnumálastofnunar og sveitarfélaga við innleiðingu á nýju húsnæðisbótakerfi.

Um þessar mundir er Vinnumálastofnun að taka upp nýtt húsnæðisbótakerfi, en ný [lög um húsnæðisbætur](#) taka gildi 1. janúar 2017. Greiðslustofa húsnæðisbóta mun opna bráðlega og verður hún staðsett á Sauðárkróki.

Vel heppnuð innleiðing á nýju húsnæðisbótakerfi er háð góðu samstarfi milli Vinnumálastofnunar og sveitarfélaga um land allt. Vinnumálastofnun telur afar mikilvægt að fá heimild til að nýta þá þekkingu sem skapast hefur hjá sveitarfélögum eftir áralanga umsjón með húsaleigubótum.

Nú í nóvember mun Vinnumálastofnun opna fyrir umsóknir um húsnæðisbætur. Sótt verður um húsnæðisbætur rafrænt á heimasíðu okkar [husbot.is](#). Unnið er að því að kynna nýtt húsnæðisbótakerfi og fer Vinnumálastofnun þess á leit við sveitarfélögin að þau aðstoði stofnunina við að auglýsa og kynna breytinguna fyrir skjólstæðingum sínum. Á [heimasíðu](#) okkar má nálgast helstu upplýsingar um húsnæðisbætur og reiknivél.

Við innleiðingu á húsnæðisbótakerfinu er þörf á miðlun upplýsinga milli Vinnumálastofnunar og sveitarfélaga líkt og gert er ráð fyrir í lögum um húsnæðisbætur. Vinnumálastofnun telur ekki nauðsynlegt að fá aðgang að gögnum frá sveitarfélögum er varða eldri umsóknir um húsaleigubætur eða greiðslur húsaleigubóta til umsækjenda. Hins vegar er það tvennt sem einkum kallar á aukna samvinnu milli sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar.

1. Í nýju kerfi er ekki gert ráð fyrir að þeir sem leigja af sveitarfélögum þurfi að þinglýsa leigusamningi til að eiga rétt á húsnæðisbótum. Er hugmyndin sú að Vinnumálastofnun sækji upplýsingar um þá samninga og efni þeirra beint til sveitarfélaganna. Vinnumálastofnun telur ekki þörf á að fá afrit af leigusamningunum, heldur nægir að fá nauðsynlegar upplýsingar um efni þeirri s.s. um leigutíma, leigufjárhæð, húsnæðiskost og önnur þau atriði, sem nauðsynleg eru til að ákvarða um greiðslur húsnæðisbóta einstaklinga sem leigja húsnæði af sveitarfélögunum. Leitast Vinnumálastofnun við að koma á fót skilvirkri leið til að óska eftir og miðla þessum upplýsingum.
2. Ljóst er að sveitarfélög koma til með að greiða áfram út sérstakan húsnæðisstuðning. Húsnæðisbætur hjá Vinnumálastofnun munu jafnan hafa áhrif á þær greiðslur. Til að auðvelda útreikning sveitarfélaga á sérstökum húsnæðisstuðningi er Vinnumálastofnun heimilt að veita upplýsingar um greiðslur húsnæðisbóta og forsendur fyrir útreikningi þeirra til sveitarfélaga. Virkt upplýsingaflæði milli húsnæðisbótakerfisins og sveitarfélaga auðveldar ekki einungis afgreiðslu á umsóknum um sérstakan húsnæðisstuðning heldur einnig umsækjendum að sækja aðstoð hjá sveitarfélagi sínu.

Tilgangur með erindi þessu er að hefja samtal milli Vinnumálastofnunar og sveitarfélaga um gagnkvæma miðlun framangreindra upplýsinga og að koma á tengiliðum til að auðvelda samskipti á milli aðila.

Vinsamlegast hafið samband á netfangið husbot@vmst.is til að tilnefna tengilið sveitarfélagsins. Allar ábendingar og spurningar er einnig vel þegnar.

Með góðri samstarfskveðju
f.h. Vinnumálastofnunar